



Almennur úrskurður

Frá: Dómnefnd í Hreinsitækni Rally Reykjavík 2023

Til: Keppnisstjóra og keppanda nr. 11

Skjal: 15

Dagsetning: 17. ágúst 2023

Klukkan: 18:45

Málavextir

Dómnefnd barst erindi frá keppnisliði JHG racing, sem gerir út ökutæki nr. 11, þar sem óskað er eftir heimild til að gera breytingu á áhöfn vegna veikinda Sævars Sigtryggssonar aðstoðarökumans. Er óskað eftir að Gunnar Eyþórsson taki sæti Sævars.

Í Keppnisgreinarreglum fyrir rally er fjallað um keppendur og ökumenn í grein 2.1, og er hún í heild sinni eftirfarandi:

GREIN 2.1 KEPPENDUR OG ÖKUMENN

- 2.1.1** Eftir lok skráningarfrests er *keppanda* heimilt að gera breytingar á skráningu:
- 2.1.1.a** fram að skoðun, breyta um annan *ökumann* áhafnar með leyfi framkvæmdanefndar;
- 2.1.1.b** eftir skoðun og fram að ræsingu, breyta um annan *ökumann* áhafnar með leyfi dómnefndar.
- 2.1.2** Ekki er heimilt að skipta um báða *ökumenn* áhafnar eftir lok skráningarfrests.

Í sömu reglum segir í grein 3.2.1, í kafla sem fjallar um áhafnir: „*Áhöfn samanstendur af ökumanni og aðstoðarökumanni*“.

Úrskurður

Heimilt að skipta um meðlim í áhöfn ökutækis nr. 11 á þann veg að Gunnar Eyþórsson taki sæti aðstoðarökumans í stað Sævars Sigtryggssonar.

Keppendum er bent á rétt sinn til að áfrýja ákvörðunum dómnefndar samkvæmt grein 15 í reglubókinni.

Aðalsteinn Símonarson
Formaður dómnefndar

Malín Brand
Dómnefndarmaður

Þórður Bragason
Dómnefndarmaður